



Til framkvæmdastjóra og
fjármálastjóra
allra sveitarfélaga

Dagsetning 22.12.2025
Málsnúmer IRN25040074

Breyting á 4. gr. fylgiskjals I við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að meðfylgjandi reglugerð um breytingu á 4. gr. í fylgiskjali I með reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga verður send til birtingar í Stjórnartíðindum á næstu dögum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu hennar og skal gilda um reikningsár sem hefst 1. janúar 2026. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði birt snemma í janúar nk.

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefnd) samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar sl. að hefja skyldi vinnu við endurskoðun á regluverki vegna reikningsskila sveitarfélaga. Í endurskoðun á regluverkinu felst að lög og reglugerðir sem gilda fyrir bókhald, reikningsskil og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga verði endurskoðuð heildstætt. Regluverkið er komið til ára sinna og hefur ekki verið uppfært í takt við breytingar á sveitarstjórnarstiginu, reikningsskilastaðla og lög um ársreikninga, en einnig gætir ósamræmis milli reglugerðar og auglýsingar um framangreint. Þá er brýnt að bæta kröfur um færslu á bókhaldi, fjölga bókhaldslyklum og gera skýrar leiðbeiningar til að auka samanburðarhæfni bókhaldsgagna.

Innviðaráðherra skipaði í maí sl. stýrihóp með fulltrúum ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fylgja eftir verkefninu og tryggja samráð á milli ríkis og sveitarfélaga. Vinnan hefur falist í endurskoðun á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og tekur viðkomandi reglugerð á þeim liðum sem snerta færslu bókhalds, skilgreiningu á málaflokkum, COFOG og GFS tvílyklun, framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana, o.fl. Fyrsta fasa endurskoðunarinnar er nú lokið með breytingum á 4. gr. fylgiskjals I með reglugerðinni.

Endurskoðunin hefur farið fram í þétu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og samráði m.a. við fjármálastjóra, fræðslustjóra, velferðarstjóra, umhverfissérfræðinga og mannauðstjóra sveitarfélaga við yfirferð á málaflokkum í reglugerð nr. 1212/2015. Einnig voru haldnir vinnufundir með eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga til að nýta þeirra þekkingu og reynslu við yfirferð á málaflokkum og öðrum þáttum reglugerðarinnar.

Helstu breytingar á 4. gr. í fylgiskjali I með reglugerðinni eru eftirfarandi:

- 01 Málefni fatlaðs fólks – Nýr málaflokkur fyrir þjónustu við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018.
- 03 Heilbrigðismál – Málaflokkur feldur niður. Heilbrigðiseftirlit fært á málaflokk 11 Umhverfismál og Heilsugæslan færð á málaflokk 21 Sameiginlegur kostnaður.
- 08 Úrgangsmál – Málaflokkurinn endurskrifaður vegna nýrra laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum frá 2021.
- 11 Umhverfismál og atvinnumál – Málaflokkur 11 Umhverfismál sameinaður málaflokki 13 Atvinnumál.
- 09 Skipulags og samgöngumál – Málaflokkur 9 Skipulags- og byggingarmál sameinaður málaflokki 10 Umferða- og samgöngumál.

Vinna við endurskoðun á reglugerð nr. 1212/2025 heldur áfram á nýju ári og vonast innviðaráðuneytið og Samband Íslenskra sveitarfélaga eftir áframhaldandi góðu samstarfi við sveitarfélögin vegna verkefnisins.



Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra,



Jóhanna Sigurjónsdóttir